



Eftirlitsnefnd um framkvæmd sáttar
b/t Viðar Lúðvíksson, formaður,
Landslög – lögfræðistofa,
Borgartúni 26,
105 Reykjavík.

Reykjavík, 23. október 2018.

Efni: Svar við fyrirspurn varðandi erindi Félags atvinnurekenda vegna ePósts ehf.

Í tölvupósti frá formanni eftirlitsnefndar, dags. 16.10.18., kemur fram að nefndinni hafi borist kvörtun frá Félagi atvinnurekenda, dags. 12.10.18. Þar er óskað eftir því að eftirlitsnefndin taki til skoðunar lán Íslandspósts til ePósts ehf. Af því tilefni óskaði eftirlitsnefnd eftir svörum við eftirfarandi atriðum (svör Íslandspósts eru undir hverjum staflið.)

1. Afrit af lánasamningi vegna láns Íslandspósts til ePósts

Meðal skulda ePósts ehf. er bókuð skuld við móðurfélag, sem nemur 283,8 mkr. í árslok 2017. Viðskiptastaða þessi hefur myndast frá árinu 2009, þegar verkefnið um Möppuna hófst, en á árinu 2012 var stofnað um það sérstakt hlutafélag, ePóstur ehf. Verkefnið er þróunarverkefni Íslandspósts og var fjármagnað af félaginu á þróunartímabilinu. Ekki var gerður sérstakur lánasamningur um viðskiptastöðuna.

2. Upplýsingum um vexti vegna lánsins

Á árinu 2017 lá fyrir ákvörðun um að sameina ePóst og Íslandspóst. Sú sameiningarvinna er nú í gangi, fyrri hluta er lokið og stefnt er að því að ljúka sameiningunni að fullu á næstu vikum. Þar sem sameining hafði verið ákveðin á árinu 2017 þótti ekki efni til að byrja á því ári að reikna vexti á viðskiptastöður félaganna á því ári en það hafði ekki verið gert fram að því.

3. Upplýsingum um tekjur ePósts frá öðrum aðilum en Íslandspósti

Í júní árið 2017 voru síðast bókaðar tekjur að fjárhæð kr. 8.905 hjá ePósti vegna annarra aðila en Íslandspósts eða tengdra félaga.


Íslandspóstur telur að framangreint fyrirkomulag hafi ekki á neinn hátt orðið til þess að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi, þar sem hugbúnaður og verkefni það sem sinnt var af ePósti náði í raun aldrei þeirri stöðu að vera rekið í virkri samkeppni við sambærilega starfsemi. Verkefnið fólst í utanumhaldi og þróun á hugbúnaði, sem upphaflega var keyptur af Canada Post, m.a. í því skyni að bjóða upp á rafrænar sendingar undir heitinu „Mappan“. Hugbúnaðurinn hefur verið staðfærður og þróaður í þágu Íslandspósts, þar sem hann hefur nýst sem grunnur að samskiptakerfi Íslandspósts við viðskiptavinum sína.

Með bréfi þessu fylgir jafnframt bréf Íslandspósts til eftirlitsnefndar um sameiningu ePósts og Íslandspósts ehf., dags. 15.10.18., sem og fylgiskjal með því bréfi, þar sem fjallað er um försögu og starfsemi ePósts/Möppunnar, dags. 24.11.17.

Þess er vænst að framangreindar upplýsingar feli í sér fullnægjandi skýringar á því hvernig staðið hefur verið að uppgjöri á starfsemi ePósts.

Óskað er eftir því að með efni í tölulið 4 í bréfi þessu verði farið sem trúnaðarmál.

Virðingarfyllt,



Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri